

AUGLÝSING

um deiliskipulag Flatahverfis, Akranesi.

1. *Klasi 1 og 2.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 1 og 2 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 5,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Þjóðbrautar í vestur, deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6 í norður, klasa 3 í austur og götunum Innnesvegi og Garðagrund í suður.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 1 og 2 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Klasi 7 og 8.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 7 og 8 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 2,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Flatahverfis klasa 3 í suðvestur, klasa 9 í suðaustur, klasa 11-12 í norðaustur og klasa 6 í norðvestur í Flatahverfi.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 7 og 8 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. maí 2002.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.